

Nr. 98.

238

21. desember 1972.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð
fiskiðnaðarins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir síðustu grein laganna komi nýtt ákvæði, svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn sjóðsins er heimilt samkvæmt reglum, er hún setur og sjávarútvegsráðherra samþykkir, að greiða úr deildum sjóðsins fyrir frystar fiskafurðir og saltfiskafurðir sérstakt framlag vegna bol- og flatfiskafurða að undanskildum kolategundum, sem framleiddar eru á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1972. Skulu 88 milljónir króna greiðast, ef verðmæti afla, sem landað er innanlands til þessarar vinnslu á þessu tímabili, nemur sem svarar 400 millj. króna reiknað á lágmarksverði á fiski, er gildi til 30. september 1972, að viðbætti greiðslu í Stofnfjárssjóð fiskiskipa og verðuppbót á línufisk. Framlagið skal hækka eða lækka í hlutfalli við breytingar á aflamagni frá þessu marki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

Nr. 99.

28. desember 1972.

L Ö G

um breyting á vegalögum, nr. 23 16. apríl 1970,
sbr. lög nr. 98 28. desember 1970.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

85. gr. laganna orðist þannig:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 9.87 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi, sbr. þó 92. gr.